

Nd.

6. Tillaga til þingsályktunar

um að fela ríkisstjórninni að athuga um inngöngu Íslands í Þjóðabandalagið.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á því, hver aukin trygging fyrir sjálfstæði Íslands myndi fást með því að það gengi í Þjóðabandalagið. Jafnframt að athuga, hvern kostnað og hvaða skuldbindingar það hefði í för með sér. Séu niðurstöður þessara athugana lagðar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Frá því Ísland fékk fullveldi 1918 hefir orðið svo stórfelld breyting á alþjóðaháttum, að sú trygging, sem menn þá treystu á, að nægja myndi fyrir sjálfstæði smáþjóða eins og Íslendinga — virðing fyrir sjálfstæði þjóðar og drengskapur gagnvart vopnlausri smáþjóð — er nú horfin. Þeir atburðir, sem gerzt hafa síðustu 6 árin: innrás Japana í Manshuríu 1931, innrás Ítala í Abessiníu 1935, innrás Ítala og Þjóðverja á Spán 1936 og innrás Japana í Kína um þessar mundir — sýna, að alþjóðalög og venjur, sjálfstæði þjóða og samningar þjóða á milli eru að engu virtir af valdhöfum þeirra ríkja, sem þessar innrásir fremja. Og þar sem það er orðinn síður hjá þessum ríkjum — Þýskalandi, Ítalíu og Japan — að láta flugvélar skjóta niður vopnlausu íbúa borga í löndum, sem þau ekki hafa sagt stríð á hendur, aðeins til þess að brjóta síðferðislegt þrek þjóðarinnar á bak aftur og fá hana til að ganga að pólitískum og viðskiptalegum skilmálum árásarrikjanna, þá verður ekki séð, að lönd eins og Ísland hafi neitt öryggi fram yfir þau eldgömlu menningarríki, sem orðið hafa fyrir þessum árásum.

Þótt Þjóðabandalagið hafi brugðizt mjög tilfinnanlega skyldu sinni um að koma þeim þjóðum, sem fyrir árásum urðu, til hjálpar, þá er Þjóðabandalagið þó i rauninni eina tryggingin, sem smáþjóð nú getur fengið fyrir réttindum sínum og sjálfstæði, jafnvel þó þessi trygging sé ekki meira en pappíruréttindi, og eini alþjóðlegi vettvangurinn, þar sem hægt er að krefjast þess, að réttindin séu haldin og sjálfstæðið virt.

Í Þjóðabandalaginu eru nú samankomnar flestar lýðræðisþjóðir heimsins og stefna þess er varðveizla friðarins. Benda atburðir síðustu vikna á, að ákveðnari aðgerðir séu nú í vændum af hálfu þjóðabandalagsríkjanna gegn friðarspillum heimsins, hinum fasistisku árásaríkjum.

Það virðist því að öllu athuguðu tími til kominn fyrir Ísland að athuga það mál alvarlega, hvort það skuli ekki gerast meðlimur í Þjóðabandalaginu og hafa sína fulltrúa á þingum þess, skapa sér þannig alþjóðlegan vettvang og nokkurn rétt, er það þó ætti kröfu á, að framkvæmdur yrði, ef á þyrfti að halda til að verja sjálfstæði þess.